

AÐGERÐAÁÆTLUN HÖRGÁRSVEITAR

Aðgerðir Hörgársveitar

vegna COVID-19

2. útgáfa – 16. mars 2020

Áætlunin er sett með stoð í viðbragðsáætlun Hörgársveitar og tilkynningar til íbúa um ráðstafanir og þjónustustig hjá Hörgársveit

Efnisyfirlit

Tilfnið	3
Samhengi	3
Tilkynningar um ráðstafanir og þjónustustig	4
Starfsemi Heilsuleikskólans Álfasteins	4

Tilfnið

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna COVID-19 veirunnar. Stjórnendur Hörgársveitar leggja sig fram við að fylgjast vel með þróun mála. Viðbrögð við stöðunni eru ítrekað endurmetin, sem og ráðstafanir hreppsins, út frá tilkynningum og leiðbeiningum almannavarna og landlæknis.

Byggt er á þeim forsendum, að aðgerðir almannavarna og landlæknis snúist núna fyrst og fremst um að hægja á dreifingu veirunnar og verja þau fyrir veirunni sem eru viðkvæmust fyrir, t.d. eldra fólk og þau sem hafa undirliggjandi sjúkdóma.

Meginreglan hjá Hörgársveit er sú að nálgast viðfangsefnið af yfirvegum og fylgja eftir öllum tilmælum yfirvalda, eins og almannavarna og landlæknisembættis. Af frekari varúðarráðstöfunum og með tilliti til aðstæðna í okkar byggðarlagi er gengið lengra þegar ástæða er talin til. Forsendur kunna að breytast hratt.

Samhengi

Gefin var út **viðbragðsáætlun** Hörgársveitar við heimsfaraldri af völdum COVID-19, 2. útgáfa, 09. mars 2020. Viðbragðsáætlun hefur verið uppfærð og aðlöguð að þeim aðstæðum sem við blasa. Hér er aðgerðaáætlun **2. útgáfa** Sjá hér á vef www.horgarsveit.is

Til að fylgja eftir viðbragðsáætluninni hafa stjórnendur Hörgársveitar sett saman **aðgerðaáætlun**, til leiðbeiningar fyrir stjórnendur og starfsfólk sveitarfélagsins. Í henni eru skilgreindar þær **ráðstafanir** sem gerðar eru í skólum og starfsemi Hörgársveitar til að (a) varna sem mest útbreiðslu og draga úr áhrifum veirunnar og (b) undirbúa skerta starfsemi, en með sem minnstri röskun, miðað við aðstæður. **Aðgerðaáætlunin er í stöðugri endurskoðun.**

Þær ráðstafanir sem snerta beint notendur þjónustunnar og íbúa verða svo birtar opinberlega sem tilkynningar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Í þessari samantekt er einnig að finna skilaboð frá stofnunum tengdum sveitarfélaginu, auk upplýsinga frá aðilum sem þess hafa óskað.

Tilkynningar um ráðstafanir og þjónustustig

Til að byrja með verður aðgerðaáætlun í heild sinni sett á vefinn, þar til mikilvægustu skilaboðin til íbúa og notenda þjónustu hafa verið sett saman í einfaldari útgáfu, til birtingar á vef. Við vinnum að því.

Starfsemi Heilsuleikskólans Álfasteins

- Líkt og aðrir skólar í næsta nágrenni og um land allt fylgir Álfasteinn leiðbeiningum og ákvörðunum stjórnvalda og sveitarfélagsins frá degi til dags. Markmiðið í aðgerðaáætlun 2 er að tryggja að ekki séu of stórir hópar saman á hverjum tíma og tryggja þannig að smit nái ekki dreifingu hraðar en annars. Eftirfarandi eru ráðstafanir frá 16.03.2020:
- Álfasteinn er starfandi og starfið skipulagt út frá viðmiðum yfirvalda um að ekki séu fleiri en 20 einstaklingar saman í hópi og að ekki verði blöndun á milli hópa.
- Aðgengi milli Trölladeildar og Álfadeildar er takmarkað.
- Matur frá eldhúsi fer beint á deildirnar án viðkomu á annarri deild.
- Matarvagnar þvegnir og hanföng sótthreinsuð eftir hverja máltíð.
- Matarborð þvegin með sápuvatni og sótthreinsuð fyrir og eftir mat.
- Starfmenn fara ekki á milli deilda. Afleysingar fastar á hvorri deild um sig.
- Útivist er skipt á milli deilda þannig að hóparnir séu ekki samtímis úti á sama svæði.
- Takmarkaður fjöldi í forstofu í einu. Foreldrar fá úthlutaðan tíma til að koma með barnið og sækja það, þannig er fjöldi í forstofu hverju sinni takmarkaður.
- Þrif hafa verið aukin í almennum rýmum og á öllum snertiflötum.
- Leikfangaúrval er takmarkað og þau þrifin eftir hvern dag.
- Starfsfólk mótuneytis skammtar mat og nemendur þvo hendur og spritta fyrir og eftir mat.
- Skilaboð um handþvott hanga víða um skólann.

- Skilaboðum er komið til foreldra í gegnum Karellen og facebook síðu skólans.
- Sameiginlegar samverustundir felldar niður.
- Heimsóknum og ferðum á viðburði hefur verið frestað.
- Aðgangi þeirra sem eiga ekki beint erindi í leikskólann, er heft og fólki bent á að senda tölvupóst á alfasteinn@horgarsveit.is
- Biðlað er til foreldra að einungis annað þeirra komi með og sæki barnið til að takmarka umferð um leikskólann.
- Fundum sem ekki eru brýnir er frestað og frekar notast við fjarfundi, símafundi og tölvupóst.
- Þjónustusímar eru:
 - Álfasteinn 460-1760 og 824-4180